



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

## Skýrsla um skráningarverkefni Þjóðskjalasafns á Austurlandi 2011-2012



Febrúar 2013

## Efnisyfirlit

Forsaga og bakgrunnur.....	2
Stafræn skráning sóknarmannatala.....	2
Skráningarverkefni á Austurlandi 2011 - 2012.....	3
Fjárhagsuppgjör verkefnsins.....	5
Mat sveitarfélaganna á verkefninu.....	6
Mat Þróunarfélags Austurlands.....	7
Mat Vinnumálastofnunar.....	7
Mat starfsmanna á verkefninu.....	8
Niðurstöður A.....	8
Gefðu verkefninu einkunn.....	8
Niðurstöður B.....	8
Hvað hefur þér þótt best við þátttöku í verkefninu?.....	8
Niðurstöður C.....	9
Hvað hefur þér þótt lakast við þátttöku í verkefninu?.....	9
Niðurstöður D.....	9
Hefur þátttaka í verkefninu breytt viðhorfum þínum?.....	9
Niðurstöður E.....	9
Hvaða einkunn gefur þú verkefninu í heild (1-5)?.....	9
Niðurstöður F.....	9
Vinnuaðstæður.....	9
Þróun vefbirtingar.....	9
Samantekt.....	10
<i>Fylgiskjal 1. Áætlun um fjármögnun skráningarverkefnis á Austurlandi.....</i>	<i>12</i>
<i>Fylgiskjal 2. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis um skráningarverkefni Þjóðskjalasafns á Austurlandi 2011 – 2012.....</i>	<i>13</i>
<i>Fylgiskjal 3. Samkomulag um atvinnuáttak á Austurlandi 2011-2012.....</i>	<i>14</i>
<i>Fylgiskjal 4. Sýnishorn samnings við sveitarfélag.....</i>	<i>16</i>
<i>Fylgiskjal 5. Matsblað sent skráningarfólki.....</i>	<i>19</i>
<i>Fylgiskjal 6. Niðurstöður úr mati skráningarfólks á skráningarverkefnum Þjóðskjalasafns 2011-2012.....</i>	<i>21</i>

## Forsaga og bakgrunnur

Ríkisskjalasöfn í nágrannalöndum okkar hafa lagt áherslu á að færa í stafrænan búning og birta á netinu mikið notaðar heimildir eins og manntöl og kirkjubækur. Þjóðskjalasafn er komið langleiðina með manntölin (átaksverkefni vegna niðurskurðar þorskkvóta 2007-2011<sup>1</sup>) en er stutt komið áleiðis með skönnun og vefbirtingu kirkjubóka enda verkefnið mjög umfangsmikið.

Með stafrænni afritun vinnst tvennt. Betra aðgengi að upplýsingum á netinu sem hægt er að nota hvenær sem er. Þá eru frumrit að mestu tekin úr umferð eftir skönnun og lengir það líftíma skjalanna. Mestur ávinningur fyrir borgarana er að þurfa ekki sækja, oft um langan veg, á lestrarsal Þjóðskjalasafns til þess að fletta í kirkjubókum eða öðrum heimildum sem þannig kunna að verða birtar á netinu. Stafrænt aðgengi um netið í leitabærum gögnum er bylting í aðgengi og er hagkvæm og umhverfisvæn ráðstöfun.

## Stafræn skráning sóknarmannatala

Árin 2009 og 2010 fékk Þjóðskjalasafn sérstakar fjárveitingar á fjárlögum (2 x 9 m.kr.) til þess að koma á laggirnar skráningarstörfum á Norðausturlandi og Austurlandi. Safnið hannaði þá nýtt skráningarverkefni, skráningu sóknarmannatala eftir stafrænum myndum. Ferlið er algerlega stafrænt frá upphafi til enda. Sóknarmannatöl (ein tegund kirkjubóka) eru skönnuð í Þjóðskjalasafni, myndir af síðum bókana settar í gagnagrunn. Þar les skráningarfólk, hver á sínum stað yfir netið, stafrænt eintak sóknarmanntals og skráir upplýsingar úr því í gagnagrunn Þjóðskjalasafns sem vistaður er í Reykjavík. Þannig er hægt að komast hjá því að senda viðkvæm frumskjöl á staði þar sem ekki eru öruggar og sérhæfðar geymslur fyrir slík gögn. Verkefni þetta getur því farið fram hvar sem er á landsbyggðinni. Einungis þarf vinnuherbergi, tölvur og internettengingu.

Sóknarmannatöl voru árleg skráning presta á öllum sóknarbörnum á Íslandi frá u.þ.b. 1770 til 1950. Þegar verkinu lýkur munu Íslendingar eiga einstæðan gagnagrunn til margvíslegra rannsókna (ættfræði, lýðfræði og byggðaþróun). Upplýsingarnar eru þær sömu og grunnupplýsingar í reglulegum manntölum sem flest hafa verið birt á manntalsvef Þjóðskjalasafns ([www.manntal.is](http://www.manntal.is)). Þannig fylla sóknarmannatölin upp í þau árábil sem eru á milli manntala og í einhverjum tilvikum fylla þau upp í eyður í manntölunum.

Í töflu 1 sést árangur í skráningu sóknarmannatala fram til þessa. Hluti skráningar hefur farið fram í Þjóðskjalasafni sem sumarvinna stúdenta eða atvinnulausra.

---

<sup>1</sup> Sjá: Skýrsla um verkefni Þjóðskjalasafns til atvinnusköpunar á landsbyggðinni 2007-2010, ágúst 2011. Sjá [http://skjalasafn.is/efni/adrar\\_skyrslur](http://skjalasafn.is/efni/adrar_skyrslur)

Tafla 1. Árangur skráningar sóknarmannatala frá hausti 2009 til miðs árs 2012.

Ár	Klukkustundir	Mannmánuðir	Færslur	Afköst á klst.
2009	110	1	3.209	29
2010	4.829	28	349.360	72
2011	2.520	15	167.000	66
2012	5.484	32	275.856	50
Alls	<b>12.943</b>	<b>76</b>	<b>795.425</b>	<b>meðalt.=61</b>
	Ársverk alls	<b>7,3</b>		
	Bækur alls	<b>125</b>		

Alls er búið að skrá 125 sóknarmannatöl (bækur) eða 8% allra bóka. Starfsmenn Þjóðskjalasafns hafa lagt mat á hversu mikið verk það er að skanna og skrá með þessum hætti öll sóknarmannatöl varðveitt í Þjóðskjalasafni. Forsendur er sú reynsla sem aflað hefur verið hingað til. Gera má ráð fyrir því að nálægt 100 ársverk þurfi til þess að ljúka verkefninu *stafræn skráning sóknarmannatala* og kostar um 550 - 600 m.kr. miðað við forsendur í töflu 2. Ef áfram verður haldið með verkið sem atvinnuúrræði á landsbyggðinni gæti það verið nokkru ódýrara. Enn er þó kostnaður við birtingu gagna á netinu óviss.

Tafla 2. Áætlað umfang skönnunar og skráningar allra sóknarmannatala í Þjóðskjalasafni.

Skönnun og skráning sóknarmannatala	Fjöldi bóka	Vinnustundir á bók	Vinnustundir alls	Ársverk alls
Sóknarmannatöl	1502			
Skönnun		6	9.012	5,1
Skráning innihalds		140	210.280	119,5
Prófarkalestur og leiðréttingar		10	15.020	8,5
Skráning lýsigagna og vefbirting		1	1.502	0,9
Umsjón og verkstjórn		6	9.433	5,4
Kostnaður á vinnustund	2500			
		<b>163</b>	<b>245.247</b>	<b>139</b>
<b>Kostnaður alls í m.kr.</b>			<b>613.116.400</b>	

## Skráningarverkefni á Austurlandi 2011 - 2012

Á vormánuðum 2011 höfðu forsvarsmenn Þróunarfélags Austurlands og fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi samband við Þjóðskjalasafn og óskuðu eftir samstarfi við að koma á laggirnar skráningarverkefnum á Austurlandi í þeim dúr sem Þjóðskjalasafn hafði látið vinna á Austurlandi og Norðausturlandi árin 2009 og 2010.

Nærtækast var að taka upp þráðinn með skráningu sóknarmannatala. Reynsla af þessum verkefnum var mjög góð og vildi Þróunarfélagið, við nánari skoðun, byggja á þeim grunni og halda áfram sama verki enda nægur efniviður fyrir hendi.

Lögðu Austfirðingar til við Þjóðskjalasafn að skapað yrði víðtækt samstarf um hið nýja verkefni. Til varð samstarfsverkefni milli Djúpavogshrepps, Breiðdalshrepps, Þjóðskjalasafnsins og Vinnumálastofnunar með aðild Þróunarfélags Austurlands (nú Austurbrú). Leitað var til mennta- og menningarmálaráðuneytis um stuðning til þess að ýta verkinu af stað.

Á grundvelli umsóknar frá Þróunarfélagi Austurlands, f.h. aðila, dags. 15. ágúst 2011, samþykkti mennta- og menningarmálaráðuneyti að styrkja verkefnið með 2.8 m.kr. framlagi, sbr. bréf ráðuneytis til Þjóðskjalasafns frá 5. okt. 2011 (fylgiskjal 2). Sú upphæð var hugsuð til þess að hægt væri að mæta kröfum kjarasamninga um rétt mánaðarlaun á móti greiðslum Vinnumálastofnunar. Það nægði til þess að fara af stað með þriggja mánaða verkefni fyrir 9 manns, eða að reka verkefnið í 27 mannmánuði miðað við forsendur umsóknar. Vinnumálastofnun greiddi laun starfsmanna í samræmi við bótarétt hvers og eins til viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélögin önnuðust ráðningar og starfsmannahald og lögðu til aðstöðu. Til stóð að reka verkefnið einnig í Vopnafirði en af því varð ekki. Þess í stað var unnið meira á hinum tveimur stöðunum. Þjóðskjalasafn lagði til verkefnið (stafrænar myndir og skráningartól), þjálfaði starfsmenn og annaðist umsjón. Þróunarfélag Austurlands var tengiliður milli aðila.

Þjóðskjalasafn skyldi, fyrir hönd ráðuneytisins, fara með fé þess og stýra verkefninu, gera samninga við aðila. Þjóðskjalasafn útfærði samninga og verkefnismarkmið á grundvelli þessarar beiðni ráðuneytisins. Greinargerð og fjárhagsuppgjör skyldi auk þess send ráðuneyti í lok verkefnis og er það gert með þessari skýrslu.

Samkvæmt áætlun átti framlag Vinnumálastofnunar að vera alls 4.7 m.kr. Framlag Mennta- og menningarmálaráðuneytis var 2.8 m.kr. Þar af fór 1.8 m.kr. til greiðslu launa skráningarfólks og 1.0 m.kr. til forritunar og tæknivinnu í Þjóðskjalasafni. Þórey Maríusdóttir tölvunarfræðingur vann margvíslega endurbótavinnu á skráningarforriti sem bætti gagnagrunnskráningu til muna. Þannig er kerfið nú stöðugra og liprara en áður. Gera þarf þó ráð fyrir að tæknivinna sé jafnaðarlega nokkur vegna viðhalds og endurbóta.

Alls tóku 10 starfsmenn þátt í verkefninu á Djúpavogi og á Breiðdalsvík um lengri eða skemmri tíma.

**Tafla 3. Skráningarfólk og afköst á Djúpavogi 2011 – 2012.**

Djúpivogur (18.11.2011 - 31.05.2012)	Klst.	Færslur	Frsl/klst.	Bækur
<b>Starfsmaður 1</b>	894,03	24.965	27,9	5
<b>Starfsmaður 2</b>	234,97	12.347	52,5	2
<b>Starfsmaður 3</b>	31,87	1.398	43,9	1
<b>Starfsmaður 4</b>	1.027,00	38.277	37,3	7
<b>Starfsmaður 5</b>	271,81	13.472	49,6	2
<b>Alls</b>	<b>2.459,68</b>	<b>90.459</b>		<b>17</b>
<b>Meðalafköst</b>		<b>18.092</b>	<b>42,2</b>	

Verkefnið fór aðeins seinna af stað á Breiðdalsvík eða í byrjun árs 2012. Þar voru meðalafköst nokkru meiri en á Djúpavogi. Það skýrist fyrst og fremst með því að þar var meiri stöðugleiki

í skráningarstarfinu því nokkrir aðilar hættu störfum við verkefnið á Djúpavogi.

**Tafla 4. Skráningartímar og afköst á Breiðdalsvík 2011 – 2012.**

Breiðdalsvík (11.01.2012 -31.07.2012)	Klst.	Færslur	Frsl/klst.	Bækur
Starfsmaður 1	864,91	40.205	46,5	6
Starfsmaður 2	439,50	30.051	68,4	4
Starfsmaður 3	402,78	27.808	69,0	4
Starfsmaður 4	629,83	21.050	33,4	3
Starfsmaður 5	237,80	12.965	54,5	1,5
<b>Alls</b>	<b>2.574,83</b>	<b>132.079</b>		<b>18,5</b>
<b>Meðalafköst</b>		<b>26.416</b>	<b>54,4</b>	

Samanlögð vinna á báðum stöðum var á þá leið að unnar voru rúmar 5.000 klst. eða um 29 mannmánuðir. Sveitarfélögin greiddu sjálf fyrir vinnu starfsmanna sinna sem var umfram umsamdar vinnustundir í verksamningum við Þjóðskjalasafn.

**Tafla 5. Samanlögð afköst á báðum stöðum.**

Djúpivogur og Breiðdalsvík	Klst	Færslur	Frsl/klst.	Bækur
Alls	5.035	222.538		35,5
<b>Meðalafköst</b>		<b>55.635</b>	<b>48,3</b>	

Afköst starfsmanna voru 48 færslur á klst. Til samanburðar má nefna að meðalafköst í skráningu sóknarmannatala frá upphafi er 61 færsla. Það verður að teljast viðunandi miðað við að starfsfólk var ekki vant vinnu af þessu tagi. Því skal haldið til haga að starfið krefst þess að lesnar séu ólíkar rithendur fyrri alda og það þarf talsverða þjálfun til þess að ná tókum á að lesa gamla skrift.

## Fjárhagsuppgjör verkefnsins

Eins og áður segir lagði mennta- og menningarmálaráðuneyti 2.832.000 kr. til atvinnuátaks á Austurlandi sem felast skyldi í skráningarverkefnum á vegum Þjóðskjalasafns (sbr. fylgiskjal 2) og skyldi safnið ráðstafa fénu og gera síðar grein fyrir ráðstöfun þess. Upphæðin sem fékkst byggði á tillögum sem Þróunarfélag Austurlands tók saman í samráði við sveitarfélög og Þjóðskjalasafn. Á grundvelli þessara tillagna var upphæðinni ráðstafað þannig að til sveitarfélaganna fóru alls kr. 1.840.374 en alls fóru kr. 991.626 til Þjóðskjalasafns vegna forritunar og tæknivinnu. Ráðstöfnu fjárens var eins og kemur fram í töflu 6.

Tafla 6. Yfirlit yfir ráðstöfun styrks mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Staður	2011	2012	Samtals	Heimildir	Munur
Breiðdalshreppur		948.815	948.815	948.815	
Djúpavogshreppur	144.993	746.566	891.559	891.559	
Forritun í Þjóðskjalasafni	306.031	685.595	991.626	991.626	
Samtals			<b>2.832.000</b>	<b>2.832.000</b>	<b>0</b>

Vinnuálagstofnun greiddi hátt í 5 m.kr. til sveitarfélaganna á grundvelli bótaréttar hinna atvinnulausu sem ráðnir voru til starfa. Hér verður ekki lagt mat á framlag aðila í vinnu og öðrum kostnaði.

## Mat sveitarfélaganna á verkefninu

Sveitarfélögin tvö sem tóku þátt í verkefninu voru Djúpivogur og Breiðdalsvík. Gauti Jóhannesson sveitarstjóri Djúpavogs mat verkefnið með þessum orðum:

„Átakið gekk mjög vel í Djúpavogshreppi á heildina litið. Starfsmenn ákváðu allir að vinna heima hjá sér og e.t.v. má setja spurningamerki við það fyrirkomulag. Velta má fyrir sér hvort það sé ekki partur af atvinnuátaki að hvetja fólk til að fara úr húsi og á vinnustað. Við myndum mæla með því að starfsstöðvar verði settar upp þar sem fólk mætir innan ákveðins tímaramma (8-17) og skilar vinnutíma í samræmi við ráðningarhlutfall einhverja daga í viku hverri. Þá væri mjög jákvætt að fá tímaskráninguna (unna tíma starfsmanna) beint í lok hvers mánaðar beint frá Þjóðskjalasafninu greitt yrði út skv. henni í stað þess að starfsmenn skili inn unnum tímum sjálfir.“<sup>2</sup>

Páll Baldursson sveitarstjóri Breiðdalshrepps mat verkefnið með þessum orðum.

„Breiðdalshreppur tók þátt í verkefni með Þjóðskjalasafni í byrjun árs 2012, þar sem unnið var við að skrá sóknarmannatöl. Á Breiðdalsvík voru það 5 konur sem voru á atvinnuleysiskrá sem fengu vinnu við verkefnið frá janúar og fram í miðjan maí. Allt voru þetta konur sem áttu það sameiginlegt að eiga erfitt að stunda vinnu lengra að og því var það kærkomið að geta tekið þátt í góðu verkefni í heimabyggð. Atvinnuástand á Breiðdalsvík er með þeim hætti að yfir háveturinn vantar verkefni og atvinnu inn í byggðarlagið, en hins vegar er eftir mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu á liðnum árum, nóg að gera yfir sumarmánuðina. Því hefur hér verið að þróast árstíðarbundið atvinnuleysi og þá sérstaklega hjá konum. Skráningarverkefni Þjóðskjalasafns passaði því vel inn í þetta mynstur hjá okkur á liðnu ári.

Sveitarfélagið kom upp vinnuáðstöðu í húsnaði á sínum vegum, þ.e. tölvubúnaði og því sem til þurfti á staðnum. En Þjóðskjalasafn sá um innleiðingu fyrir starfsfólkið, þ.e. kom á staðinn og hélt námskeið fyrir starfsfólk og lagði til hugbúnað og vinnuumhverfi. Jafnframt voru starfsmenn Þjóðskjalasafns síðan starfsfólki til halds og trausts eftir því sem þurfti.

Verkefnið í heild sinni tókst mjög vel. Þátttakendur töluðu um að verkefnið í heild sinni hefði verið mjög áhugavert og lærdómsríkt. Jafnframt kom fram hjá þeim að verkefnið hefði aukið áhuga á sögu og menningu fyrr tíma. Eins lögðum við talsvert upp úr því að koma upp

<sup>2</sup> Sbr. tölvupóstur frá Ólafi Áka Ragnarssyni, dags. 19.12. 2012.

vinnustað, þar sem við vissum að félagslegi þátturinn væri einnig mjög mikilvægur, og þátttakendur töluðum um að það hefði verið mjög mikilvægt. En þeir gátu einnig ef það hentaði unnið verkefnið heiman frá sér.

Verkefnið tókst eins og áður sagði mjög vel, og vonir standa nú til í upphafi árs að hægt verði að koma því aftur í gang. Vert er að hrósa Þjóðskjalasafni fyrir þeirra þátt í að gera verkefni sem þetta mögulegt, m.a. með því að hafa útbúið gott netlægt vinnuumhverfi fyrir skráningu sem þessa. Reynsla okkar hér á Breiðdalsvík af þessu verkefni sýnir að vel er hægt að vinna fjarvinnsluverkefni sem þetta hvar sem er á landinu ef vilji er fyrir hendi, og hann var það sannarlega í þessu verkefni.<sup>3</sup>

## Mat Þróunarfélags Austurlands

Ólafur Áki Ragnarsson verkefnastjóri hjá Austurbú (áður Þróunarfélag Austurlands) var beðinn um að meta verkefnið út frá sjónarhóli Austurbrúar. Hans mat er svohljóðandi:

„Þróunarfélag Austurlands kom að skráningarverkefni á vegum Þjóðskjalasafnsins á vormánuðum 2011, ásamt Djúpavogshreppi og Breiðdalshreppi. Verkefnið kom til þegar forsvarsmenn Þróunarfélags Austurlands voru að vinna með starfsmönnum Vinnumálastofnunar í að finna leiðir til að koma fólki sem hafði verið lengi á atvinnuleysisskrá í vinnu. Eitt af vandamálum hinna dreifðu byggða er fjölbreytni starfa. Fólk sem ekki getur unnið við grunnatvinnuveg þjóðarinnar s.s. landbúnað og fiskvinnslu á mjög erfitt með að finna störf við sitt hæfi. Því er mikill hætta á að atvinnuleitendur sem eru í slíkri stöðu eigi erfitt með að komast út úr vítahring atvinnuleysis. Starfsmenn Þróunarfélagsins höfðu samband við stofnanir á vegum ríkisins til að leita að verkefnum sem hægt væri að vinna í fjarvinnslu og hentað gæti þessum hópi fólk. Haft var samband við Þjóðskjalasafn og óskað eftir samstarfi við að koma á laggirnar skráningarverkefnum á Austurlandi í þeim dúr sem Þjóðskjalasafn hafði látið vinna árin 2009 og 2010 á N-Austurlandi. Reynsla af þessum verkefnum var góð og vildi Þróunarfélagið byggja á þeim grunni og halda áfram sama verki enda næg verkefni fyrir hendi í Þjóðskjalasafni.

Markmið þessa átaks er að skapa tímabundin störf, í þrjá mánuði haustið 2011 og þrjá vormánuði 2012, fyrir fólk á atvinnuleysisskrá. Undirmarkmið er m.a. þau að gera fólk hæfara til að komast út á vinnumarkaðinn með því að auka þekkingu þeirra og færni á vissum sviðum. Það er jafnframt markmið að auka fjölbreytni starfa á jaðarbyggðum á Austurlandi og að síðast en ekki síst að vinna að vefbirtingu sóknarmannatala sem nú eru flest einungis aðgengilegar í frumriti í Þjóðskjalasafni. Sóknarmannatöl eru lykilheimildir í rannsóknum á persónusögu og byggðasögu og eru mikið notuð af almenningi.

Verkefnið gekk vel og skilaði þeim markmiðum sem lagt var upp með.<sup>4</sup>

## Mat Vinnumálastofnunar

Karen Erla Erlingsdóttir, ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun á Egilsstöðum, mat verkefnið fyrir hönd sinnar stofnunar:

„Skráningarverkefnið sem farið var í s.l. vetur í samvinnu Þjóðskjalasafnsins, Vinnumálastofnunar og sveitarfélaganna Djúpavogs og Breiðdalshrepps tókst sérlega vel og

<sup>3</sup> Sbr. bréf sent 8. janúar 2013 með tölvupósti.

<sup>4</sup> Sbr. tölvupóstur frá Ólafi Áka til þjóðskjalavarðar, dags. 17.12. 2012.



skiptir þetta svæði mjög miklu máli. Á þessu svæði ríkir árstímabundið atvinnuleysi að vetri til, sérstaklega meðal kvenna. Því ber að fagna þeirri fjárveitingu sem fengist hefur í verkefnið fyrir árið 2013.<sup>5</sup>

## Mat starfsmanna á verkefninu

Þjóðskjalasafn hefur undanfarin ár fengið þátttakendur í skráningarverkefnum til þess að meta upplifun sína og þátttöku með því að leggja fyrir þá viðhorfskönnun. Og var það einnig gert nú. Matið fór fram í aprílmánuði 2012.

Skráningarfólk var beðið um að meta nokkra þætti verkefnisins í sex liðum.

Alls var 14 starfsmönnum á þremur starfsstöðvum sendur listinn. Allt voru það konur, einn karlmaður vann í skamma stund í verkefninu og var farinn sinn veg þegar matið fór fram. Fjórar konur á Djúpavogi, fimm á Breiðdalsvík og fimm konur á Ísafirði, sem unnu við sama verk, fengu senda könnunina. Tíu svör bárust sem er 71% svarhlutfall. Matið var í nokkrum liðum (A, B, C, D, E og F), sumt var metið með einkunnagjöf og annað með skriflegum svörum. Sjá matsblað, fylgiskjal 1.

## Niðurstöður A.

### Gefðu verkefninu einkunn

Í þessum þætti áttu starfsmenn að gefa nokkrum atriðum tengdum þátttöku í verkefninu einkunn á bilinu 1-5 þar sem 5 var hæst. 73% allra svara voru einkunn 4 eða 5. Lægri einkunnir voru alls 27%. Spurt var m.a. um hvort skilningur hafi aukist og ný þekking orðið til. Sjá einstök svör í fylgiskjali 6.

Meginniðurstöður eru þær að starfsmenn voru mjög ánægðir með verkefnið og töldu það gefandi og lærdómsríkt á marga lund. Vinna með gömul skjöl hefur góða skírskotun til nútímafólks og nýtist sem menntandi viðfangsefni (sbr. sjónarmið um live long learning) um leið og búinn er til gagnabanki til margvíslegar fræðilegra rannsókna, þ.e. skráningarniðurstöðurnar.

Þá voru starfsmenn beðnir um að svara með eigin orðum nokkrum spurningum.

## Niðurstöður B.

### Hvað hefur þér þótt best við þátttöku í verkefninu?

Svör við því hvað starfsmönnum þótti best við verkefnið endurómuðu svör í viðhorfsspurningunum. Ánægja með að hafa vinnu, geta unnið heima og stjórnað vinnutíma, skemmtilegt verkefni og góður félagsskapur, gaman að fá innsýn í þjóðfélghætti fyrri tíma og aukin þekking.

<sup>5</sup> Sbr. tölvupóstur frá Karen Erlu Erlingsdóttur, dags. 19. 12. 2012.

## Niðurstöður C.

### Hvað hefur þér þótt lakast við þátttöku í verkefninu?

Skrifleg svör við hvað starfsmönnum þótti lakast við verkefnið laut einkum að sömu atriðum og svarað var í viðhorfsspurningunum hér að ofan. Þar var kvartað undan slæmri nettengingu, vandræðum með skráningarkerfið og öðrum tæknivandamálum. Þeim er vert að gefa gaum og rannsaka hvort slíkar takmarkanir hamli rafrænum verkefnum af þessu tagi.

## Niðurstöður D.

### Hefur þátttaka í verkefninu breytt viðhorfum þínum?

Flest svör voru jákvæð og viku að aukinni þekkingu á fyrri tímum og meiri áhuga fortíðinni, landafræði og bæjarnöfnum. Einn sagði: „Aukið áhuga á liðnum tíma, vakið mig til umhugsunar um gildi varðveislu og skráningu eldri gagna.“

## Niðurstöður E.

### Hvaða einkunn gefur þú verkefninu í heild (1-5)?

Meðaltal þeirra einkunna sem skráningarfólk veitti verkefninu í heild var 4,35.

## Niðurstöður F.

### Vinnuaðstæður

Spurt var um vinnuaðstæður, svo sem vinnuherbergi, tölvur, forrit og verkstjórn var metin með sama hætti og verkefni (A) með því að leggja spurningar eða fullyrðingar fyrir starfsmenn til einkunnagjafar.

Þessi þáttur verkefnisins kom lakar út en verkefnið sjálft (A). Ánægja starfsfólks var hér mun minni. 48% allra svara voru með einkunn 4 eða 5 og lægri einkunnir eru alls 52%. Húsgögn og internettenging koma lakast út úr þessum hluta. Og þarf greinilega að huga betur aðbúnaði og aðstöðu skráningarfólks verði framhald á. Meginniðurstöður eru þó í sömu átt og í A – hluta könnunarinnar. Starfsmenn voru ánægðir með vinnuaðstæður þótt sumt í þeim þurfi að bæta. Sjá fylgiskjal 6.

Ekki verður annað sagt en að starfsmenn hafi verið afar ánægðir með verkefnið.

## Þróun vefbirtingar

Vinna er hafin við þróun vefbirtingar. Flokkun upplýsinganna byggir á stjórnskipulagi kirkjunnar. Þannig var (og er) landinu skipt upp í prófastdæmi, í þeim eru svo prestaköll og innan prestakalla 1-3 sóknir. Og innan sókna eru bæir/heimilin í sókninni. Þetta er allt skráð og auk þess upplýsingar um persónur, nafn, aldur þeirra og stöðu á heimili. Eftir þessum upplýsingum verður hægt að leita í gagnagrunninum. Þá verður hægt að fletta einum og sama bænum frá einu ári til þess næsta. Hægt að leita og flokka hinar skráðu upplýsingar og finna myndir af blaðsíðum sem upplýsingarnar eru skráðar eftir. Þannig má sannreyna skráninguna og finna frekari upplýsingar á myndunum. Á mynd eitt er hluti skjámyndar sýndur. Hægt er að skoða þessa tilraunasíðu á slóðinni: <http://testbirting.manntal.is:8080/>


## Mynd 1

Bæir  fjöldi bæa: 26 [Um Bæ](#)  
Bækur  Fjöldi bóka: 4 [Um bók](#)  
Norður-Múlaprófastsdæmi » Skeggjastaðir » Skeggjastaðasókn » S  
◦ Sjá færslur ◦ Sjá mynd ◦ Sjá færslur og mynd

fyrri  næsta 1/143

5

«



Þaca Nafn	Elmanna Nafn	Stand	aldur	önnur muni laust
Guðrún 1/2 Hylfi	Jóni Ólafson Elmanna Jónsdóttir	Jóni Ólafson f kona	48	ja
			48	ja

## Samantekt

Á Djúpavogi og á Breiðdalsvík störfuðu alls tíu manns við skráningu sóknarmannatala frá nóvembermánuði 2011 til loka maímánaðar 2012, fimm á hvorum stað. Til stóð að hafa skráningarhóp á Vopnafirði en það tókst ekki. Unnið var þeim mun lengur á hinum stöðunum. Í hópnum voru 9 konur og einn karl og vann hann skemmstan tíma eða þar til hann fékk annað starf.

Árangur skráningarstarfsins var í heildina tekið góður þótt meðalafköst hafi verið heldur minni en áður í sama verkefni. Alls var unnið í 29 mannmánuði (5.000 klukkustundir) og skráðar 35 sóknarmanttalsbækur. Skráðar færslur alls í gagnagrunn voru rúmlega 222.000.

Telja verður reynsluna af skráningarverkefninu vera afar góða og jákvæða í heild sinni. Meginmarkmið náðust. En þau voru að minnka tímabundið atvinnuleysi, skrá gögn í Þjóðskjalasafni til vefbirtingar og auka þekkingu og færni starfsmanna (sjá fylgiskjöl 3 og 6). Það er ljóst að verkefnið leysti tímabundið atvinnuleysi hjá konum á umræddum svæðum. Sveitarfélög og aðrir aðilar í héraði eru ánægðir með framgang verkefnisins og vilja að það haldi áfram.

Reykjavík, 25. febrúar 2013

Eiríkur G. Guðmundsson

## Þjóðskjalavörður

### Fylgiskjöl:

1. *Fylgiskjal 1. Áætlun um fjármögnun skráningarverkefnis á Austurlandi 2011.*
2. *Fylgiskjal 2. Bréf mennta-og menningarmálaráðuneytis um skráningarverkefni Þjóðskjalasafns á Austurlandi 2011-2012.*
3. *Fylgiskjal 3. Samkomulag um atvinnuáttak á Austurlandi 2011-2012.*
4. *Fylgiskjal 4. Sýnishorn sammings við sveitarfélag.*
5. *Fylgiskjal 5. Matseyðublað sent skráningarfólki.*
6. *Fylgiskjal 6. Niðurstöður úr mati skráningarfólks á skráningarverkefnum Þjóðskjalasafns 2011-2012.*

## Fylgiskjal 1. Áætlun um fjármögnun skráningarverkefnis á Austurlandi.

Hluti tillögu sem send var mennta-og menningarmálaráðuneyti 2011. Í sumum liðum er kostnaður við unnið framlag áætlaður og framlagið jafnað með sömu upphæð, enda framlag viðkomandi aðila til verkefnisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun lögðu fram fé til að kaupa vinnu skráningarfólks. Aðrir styrktu verkefnið með vinnu sinni. Þjóðskjalasafn fékk þé fé til forritunarvinnu af framlagi ráðuneytis. Helmingur tillögunnar var framkvæmdur, þ.e. þrjú mánuðir af sex.

### Tillaga að átaksverkefni á Austurlandi

9 manns vinni að skráningu sóknarmannatala á Vopnafirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi 3 mánuði 2011 og 3 mánuði 2012

Kostnaðarliðir	Heildaráætlun
Laun og launatengd gjöld	13.103.748
Djúpavogshreppur aðstaða	900.000
Breiðdalshreppur aðstaða	900.000
Vopnafjarðarhreppur aðstaða	900.000
Próunarfélagið ráðgjöf	1.040.000
Framlag Þjóðskjalasafnsins (skönnun/verkstj)	840.000
Þjóðskjalasafn ráðgjöf/tækniþjónusta -aðkeypt	1.980.000
<b>Samtals</b>	<b>19.663.748</b>

Staða framlaga	Heildarframlag
Framlag ríkisins/mennta-og menningarmrn.	5.663.718
Framlag Vinnumálastofnunar	9.420.030
Framlag Djúpavogshrepps	900.000
Framlag Breiðdalshrepps	900.000
Framlag Vopnafjarðarhrepps	900.000
Framlag Próunarfélagsins	1.040.000
Framlag Þjóðskjalasafnsins (skönnun/verkstj)	840.000
<b>Samtals</b>	<b>19.663.748</b>

Fjármögnun	
Ríkisstjórnin/Mennta-og menningarmálaráðuneyti	5.663.718
Vinnumálastofnun	9.420.030
Aðrir aðilar	4.580.000
<b>Samtals</b>	<b>19.663.748</b>

## Fylgiskjal 2. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis um skráningarverkefni Þjóðskjalasafns á Austurlandi 2011 – 2012.

Máttelutíð 6. október 2011

Þjóðskjalasafn Íslands  
Eiríkur G. Guðmundsson  
Laugavegi 162  
105 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bréfið: 022-6	Dagur: 5.10.2011
Átt: EGR	Tím.
Varð:	V/g
Þaki:	Tilv.
Mott. 6/10/2011	



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 5. október 2011  
Tilv.: MMR11080228/12.4.2

Vísad er til bréfs verkefnastjóra Próunarfélags Austurlands, dags. 15. ágúst sl., sem ráðuneytinu var sent með tölvupósti, þar sem vísað var til tillögu dags. 15. júní sl. sem Þjóðskjalasafn Íslands hafði kynnt ráðuneytinu. Í tillögunni var leitað er eftir fjárstuðningi vegna atvinnuáttaks á Austurlandi, sem felst í skráningarverkefnum á vegum Þjóðskjalasafnsins sem færu fram í Djúpavogshreppi, Breiðdalshreppi og Vopnafjarðarhreppi í samvinnu safnsins og viðkomandi sveitarfélaga, auk Vinnuáttastofnunar og Próunarfélags Austurlands

Ákveðið hefur verið að veita 2.832 þús. kr. styrk til verkefnisins á þessu ári, þ.e. til framkvæmdar fyrri hluta þess skv. lýsingu þess. Vinsamlegast sendið beiðni um greiðslu ásamt upplýsingum um kennitölu og bankareikningsnúmer til mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík eða á netfangið [thorveig.thormodsdottir@mrn.is](mailto:thorveig.thormodsdottir@mrn.is). Vísið til tilvísunarnúmers þessa bréfs í erindi yðar.

Á þessu stigi getur ráðuneytið ekki veitt vilyrði fyrir sambærilegum styrk til framkvæmdar síðari hluta verkefnisins, sem ætlað er að fari fram á næsta ári.

Óskað er eftir að Þjóðskjalasafn Íslands geri samning við samstarfsaðila sína um framkvæmd verkefnisins, þar sem m.a. verði kveðið á um að gerð verði greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess. Slíkar upplýsingar verði sendar ráðuneytinu þegar verkefninu lýkur.

Fyrir hönd ráðherra

Karitas H. Gunnarsdóttir

Eiríkur Þorláksson

Ljósrit: Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri Próunarfélags Austurlands

## Fylgiskjal 3. Samkomulag um atvinnuáttak á Austurlandi 2011-2012.

### Atvinnuáttak á Austurlandi 2011-2012

#### Samkomulag

milli Þjóðskjalasafns Íslands, Vinnumálastofnunar og Þróunarfélags Austurlands fyrir hönd sveitarfélagana Breiðdalshrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar hins vegar um tímabundið atvinnuáttak.

022-6	30.12.2011
EGG	VP
	THV

#### Tilgangur verkefnisins er

- að skapa tímabundin störf, íþrjá mánuði frá nóember 2011 til febrúar 2012,) fyrir fólk á atvinnuleysissskrá með það að markmiði að gera það hæfara til að komast út á vinnumarkaðinn á eigin forsendum.
- að vinna að skráningu á skönnuðum gögnum á vegum Þjóðskjalasafns og stuðla þannig að vefbirtingu menningararfsins, m.a. íslenskra kirkjubóka.
- að fræða starfmenn um hlutverk skjalasafna, gildi heimilda fyrri alda sem þar eru og mikilvægi þess að miðla þessum menningararfi.
- að auka þekkingu starfsmanna margvíslega, svo sem á sögu þjóðarinnar, högum fólks á fyrri öldum, efla þekkingu starfsmanna á staðfræði og nafngiftum manna og bæja.
- að gera starfsmönnum kleift að lesa gamla skrift og samtímis að auka tölvufærni þeirra.
- að leitast við að auka fjölbreytni starfa í jaðarbyggðum á Austurlandi.

#### Hlutverk aðila

- Sveitarfélögin leggja til húsnæði og aðstöðu fyrir starfsseminu og bera af því allan kostnað.
- Vinnumálastofnun gerir samninga við viðkomandi sveitarfélag um allt að 9 mannmánaða vinnuframlag hjá hverju þeirra.
- Þjóðskjalasafn Íslands leggur starfsmönnum til verkefni, úthlutar verkefnum, verkstýrir, leiðbeinir starfsmönnum og varðveitir hinar skráðu upplýsingar til vefbirtingar fyrir almenning. Fagleg umsjón og eftirlit með verkefninu í höndum Þjóðskjalasafns.
- Þjóðskjalasafn, í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis, leggur til allt að 9 mánaða mótframlag til viðkomandi sveitarfélags á móti framlagi Vinnumálastofnunar.
- Þróunarfélag Austurlands er tengiliður milli aðila á undirbúningstímanum og vinnur að því að finna viðkomandi starfsmönnum áframhaldandi/framtíðarstörf á sviði skráningar.

#### Framlag aðila

- Sveitarfélögin leggja til starfsaðstöðu, tölvubúnað, nettengingar, annast ráðningar og starfsmannahald.
- Þjóðskjalasafn Íslands leggur verkefninu til viðfangsefni, hugbúnað, verkþekkingu, verkstjórn og annast greiðslur viðbótarframlags á móti framlagi Vinnumálastofnunar í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Vinnumálastofnun gerir samninga við hvert sveitarfélag um 3-5 starfsmenn og greiðir þeim upphæð sem miðast við atvinnuleysisbætur viðkomandi starfsmanns, kr. 174.445 fyrir hvern mannmánuð að meðtöldu tryggingargjaldi.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið fjárhagslega. Peningarnir skulu nýttir til að greiða kostnað Þjóðskjalasafns vegna verkefnisins. Auk þess að greiða til sveitarfélaga á móti

Samkomulag um atvinnuáttak á Austurlandi 2011-2012

1

*Bábertur AGR*

framlagi Vinnumálastofnunar er ~~ke-68.217~~ fyrir hvern fullan mannánuð án tillits til launa viðkomandi starfsmanna, eins og verkefnistillaga lagði til. Styrknum ráðstafar Þjóðskjalasafn.

- Þróunarfélagið og Þjóðskjalasafn taka saman upplýsingar um verkefnið, kostnað á hverjum stað, framvindu verka, fjárhagsuppgjör og önnur atriði sem skipta máli og skrifa greinargerð í lok verkefnisins. Greinargerð sú sendist aðilum verkefnisins; mennta- og menningarmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun og sveitarfélögunum.

#### Verksamningar

Þjóðskjalasafn Íslands gerir verksamninga við ofangreind sveitarfélög. Eitt sveitarfélag getur fengið fleiri mannánuði ef annað sveitarfélag hefur ekki þörf fyrir þá mannánuði sem það á kost á. Semja má við önnur sveitarfélög á Austurlandi ef ofangreind sveitarfélög geta ekki nýtt heimildir sínar.

Reykjavík, 8. desember 2011

Egilsstöðum 30 desember 2011



*Ólafur Sveinsson*

F. h. Vinnumálastofnunar

Þróunarfélag Austurlands  
KÍ 560683-0309  
*Ólafur Sveinsson*

F. h. Þróunarfélags Austurlands

*Ólafur Sveinsson*

F. h. Þjóðskjalasafns Íslands

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila:

Nafn:

kennitala:

*Ólafur Sveinsson* 130752-3819



## Fylgiskjal 4. Sýnishorn samnings við sveitarfélag.

02-6	Dags	11.01.2012
E46	Vgl.	
	V/g	
	V/v	
	V/v	
		12.01.12

### Samningur um atvinnuáttak á Austurlandi haustið 2011

milli Þjóðskjalasafns Íslands, kt. 710269-1149, Laugavegi 162, 105 Reykjavík og sveitarfélagsins Breiðdalshrepps, kt. 480169-0779, Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík, um tímabundið atvinnuáttak. Þjóðskjalasafn er verkkaupi í samningi þessum og sveitarfélagið verktaki.

#### 1. gr. Forsendur

Forsendur samnings þessa eru samstarf Þróunarfélags Austurlands, Þjóðskjalasafn Íslands með tilstyrk mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélaga á Austurlandi. Þessar forsendur eru tilgreindar í samkomulagi aðila frá 15. nóv. 2011 sem er fylgiskjal þessa samnings. Samningur verktaka við Vinnumálastofnun um heimild til að ráða atvinnulausa til verksins skal liggja fyrir þegar þessi samningur er staðfestur.

#### 2. gr. Tilgangur verkefnisins er

Tilgangur verkefnisins er fyrst og fremst að skapa atvinnulausum störf, auka fjölbreytni starfa, auka þekkingu á heimildum í Þjóðskjalasafni og auka hæfni þátttakenda í viðum skilningi. Sjá nánar samkomulag aðila frá 15. nóv. 2011 sem er fylgiskjal þessa samnings.

#### 3. gr. Hlutverk samningsaðila

Hlutverk aðila verkefnisins er skilgreint í samkomulagi sem er fylgiskjal samnings þessa.

#### 4. gr. Framlag samningsaðila

- Verktaki leggur til starfsaðstöðu, tölvubúnað, nettengingar, annast ráðningar og starfsmannahald.
- Þjóðskjalasafn Íslands leggur verkefninu til viðfangsefni, hugbúnað, verkþekkingu, verkstjórn og annast greiðslur viðbótarframlags á móti framlagi Vinnumálastofnunar í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið fjárhagslega. Peningarnir skulu nýttir til að greiða kostnað Þjóðskjalasafns vegna verkefnisins og viðbætur á atvinnuleysisbætur starfsmanna, eins og verkefnistillaga lagði til. Sjá upphæðir í gr. 7. Styrknum ráðstafar Þjóðskjalasafn.

#### 5. gr. Skilgreining verks

Verktaki, tekur að sér að láta skrá sóknarmannatöl í gagnagrunn Þjóðskjalasafn Íslands, um alnetið, eftir skönnuðum myndum. Safnið leggur til skráningarforrit og aðstoðar við að setja það upp á tölvur verktaka.

Allar skráningar færast í gagnagrunn Þjóðskjalasafns og er merktar skrásetjara. Skráningartími skráist þar jafnframt.



Samningur um atvinnuáttak á Austurlandi, 2011/2012



bls. 1

Þjóðskjalasafn lætur gera stafræn afrit af sóknarmannatölum til að vinna eftir og sér til þess að verkefni séu næg.

Þjóðskjalasafn útbýr verklýsingu og leiðbeinir skráningarfólki eftir þörfum í síma eða með öðrum hætti.

Hin stafrænu skráningar, afurðirnar, verða eign Þjóðskjalasafns og má verkkaupi eða starfsmenn hans hvorki afrita þau til eigin nota né afhenda þriðja aðila. Meðferð annarra gagna, sé þeim til að dreifa, verði samkvæmt tilsögn ÞÍ.

Verkkaupi skal gæðaprófa skráningu reglulega og tryggja þannig að vinnubrögð séu ávallt í samræmi við verklýsingu.

Verktaki skal með eðlilegum fyrirvara gera verkkaupa grein fyrir því ef hann getur ekki tryggt verkefninu eðlilegan framgang.

#### 6. gr. Umfang og kostnaður

Verktaki leggur til húsnæði og aðstöðu (tölvur og annan búnað) fyrir starfsseminu og ber af því allan kostnað.

Verktaka er heimilt að láta vinna á samningstímanum allt að 1733 vinnustundir (3,34 mán \* 173 klst. \* 3 mán = 10 mannmán). Heildargreiðslur geta því numið allt að kr. 682.587-. Verktaki getur ekki fengið greiðslur frá Þjóðskjalasafni fyrir meiri vinnu.

Verktaki ræður til sín starfsfólk og greiðir því laun skv. kjarasamningum. Ráða skal starfsfólk sem er atvinnulaust og skal það ekki vera í minna en 50% starfi

Starfsmenn skrá vinnu sína á vinnuskýrslur sem verkkaupi leggur til. Veikindi eða aðrar fjarvistir skrást þar líka. Skráningartími færast í gagnagrunn Þjóðskjalasafns og gefur kost á að sjá framvindu verka. Verkkaupi notar þessa skráningu til slíks og annarra útreikninga.

#### 7. gr. Greiðslur

Greiðslur til verktaka samkvæmt 6. grein verða inntar af hendi mánaðarlega á grundvelli reiknings frá honum. Reikningar byggja á vinnuskýrslum, sem starfsmenn útfylla, og fylgja með reikningi, staðfestar af umsjónarmanni verktaka. Reikningurinn skal hljóða upp á unnar vinnustundir skv. vinnuskýrslum.

Þjóðskjalasafn greiðir kr. 394.- fyrir hverja vinnustund. Það tímagjald byggir á að móttframlag ríkisins samkvæmt verkefnisumsókn er kr. 68.217- fyrir hvern mannmánuð eða 173 klukkustunda vinnu.


#### 8. gr. Samningstími

Samningstími er 11. janúar 2012 til 15. apríl 2012.



---

Samningur um atvinnuáttak á Austurlandi, 2011/2012



bls. 2

### 9. gr. Undirritun

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 11. janúar 2012


Breiðdalsvík, 11 janúar, 2012

f.h. Þjóðskjalasafns Íslands

f.h. Breiðdalshrepps




Eiríkur G. Guðmundsson  
settur Þjóðskjalavörður



Páll Baldursson  
sveitarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila



Nafn

130752-3819

Kennitala



Nafn

260366-4089

Kennitala

Fylgiskjal:

Samkomulag Þjóðskjalasafns, Vinnuálastofnunar og Þróunarfélags Austurlands fyrir sína hönd og sveitarfélaganna.

## Fylgiskjal 5. Matsblað sent skráningarfólki.

### Miðlun menningararfs – mat á verkefni

Mat á verkefninu skráningu sóknarmannatala 2011-2012. Þjóðskjalasafn Íslands starfar með söfnum á Norðurlöndum á margvíslegan hátt að miðlun menningararfs og mati á honum og mikilvægi hans. Verkefnið að skrá sóknarmannatöl í gagnagrunn er stórt verkefni og fer einkum fram í fjarvinnslu úti á landi í því skyni að treysta atvinnulíf þar. Til þess að meta verkefnið og áhrif þess eru þátttakendur í því beðnir að fylla út þetta matsblað.

Þú ert: kona  karl  fædd(ur) 1959 eða fyrr  fædd(ur) 1960 eða síðar

Starfshlutfall:  Mánuðir í starfi:

Vinsamlegast metið hvert atriði með því að krossa við eitt tölugildið. 5 er hæsta tölugildið/besta einkunnin.

1. Aðbúnaður	5	4	3	2	1
Vinnuherbergið .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Húsgögn .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tölvubúnaður .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Innsláttarforritið .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Internetting/samband við gagnagrunninn .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verkumsjón Þjóðskjalasafns .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verkumsjón á þínum vinnustað .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi fullyrðingum með því að merkja við það gildi sem best á við. 5 er hæsta tölugildið/besta einkunnin.

2. Reynsla þín:	Mjög mikið 5	mikið 4	frekar lítið 3	lítið 2	mjög lítið 1
a. Í verkefninu hef ég almennt lært .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
b. Skilningur minn á skjalasöfnum hefur aukist .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
c. Það hefur verið ánægjulegt að kynna nýju fólk.....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
d. Það hefur verið gott að koma á vinnustaðinn.....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
e. Það hefur verið gott að vinna heima (ef við á).....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
f. Áhugi minn á liðnum tíma hefur aukist .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
g. Þekking mín á fortíðinni hefur aukist .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
h. Landfræðipekking mín hefur aukist .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
i. Þekking mín á manna- og staðanöfnum hefur aukist .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
j. Ég hef aukið tölvufærni mína .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
k. Ég hef aukið hæfni mína til starfa .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
l. Þáttaka mín getur nýst mér í atvinnuleit .....	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

3. Hvað hefur þér þótt best við þátttöku í verkefninu?

---

---

---

4. Hvað hefur þér þótt lakast við þátttöku í verkefninu?

---

---

---

5. Hefur þátttaka í verkefninu breytt viðhorfum þínum? Skýrðu stuttlega:

---

---

---

---

---

6. Hvaða einkunn gefur þú verkefninu í heild? Notaðu skalann 1-5: \_\_\_\_\_

7. Athugasemdir og ábendingar:

---

---

---

---

---

---

---

---


## Fylgiskjal 6. Niðurstöður úr mati skráningarfólks á skráningarverkefnum Þjóðskjalasafns 2011-2012.


### Mat á skráningarverkefni Þjóðskjalasafns á Austurlandi 2011-2012


Frá hausti 2011 og fram á mitt ár 2012 stóð yfir skráningarverkefni í samstarfi Þjóðskjalasafns Íslands, Vinnumálastofnunar og Þróunarfélags Austurlands og sveitarfélagana Breiðdalshrepps og Djúpvogshrepps. Verkefnið var tímabundið atvinnuátak með tilstyrk Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sams konar verkefni fór fram á Ísafirði en fjármögnun var önnur. Þjóðskjalasafn lagði spurningalista fyrir þá sem unnu við skráningu. Alls var 14 starfsmönnum sendur listinn, 10 svör bárust sem er 71% svarhlutfall. Verkefnið sjálft og reynsla fólks af því var metin. Hér er gerð grein fyrir hverri spurningu í A og F lið könnunarinnar.

#### A. Verkefnið og þátttaka mín.

Í þessum þætti áttu starfsmenn að gefa nokkrum þáttum verkefnisins einkunn á bilinu 1-5 þar sem 5 var hæst. 73% allra svara voru einkunn 4 eða 5 og lægri einkunnir er alls 27%. Sjá einstök svör:







### Niðurstöður A


Meginniðurstöður eru þær að starfsmenn voru mjög ánægðir með verkefnið og töldu það gefandi og lærdómsríkt á marga lund. Vinna með gömul skjöl hefur góða skírskotun til nútímafólks og nýtist sem menntandi viðfangsefni (live long learning) um leið og búinn er til gagnabanki til margvíslegar fræðilegra rannsókna.




## F. Vinnuaðstæður

Vinnuaðstæður, svo sem vinnuherbergi, tölvur, forrit og verkstjórn var metin með sama hætti og verkefnið (A) með því að leggja spurningar eða fullyrðingar fyrir starfsmenn til einkunnagjafar.

Þessi þáttur verkefnisins kom lakar út en verkefnið sjálft (A). Ánægja starfsfólks var hér mun minni. 48% allra svara voru með einkunn 4 eða 5 og lægri einkunnir er alls 52%. Húsgögn og internettenging koma lakast út úr þessum hluta. Og þarf greinilega að huga betur aðbúnaði og aðstöðu skráningarfólks verði framhald á.





#### Niðurstöður F

Meginniðurstöður hér eru á sama veg og í A. Starfsmenn voru ánægðir með vinnuástand þótt sumt í þeim þurfi að bæta.